



11. júlí 2024

Tilv.: 2202118

Dreifibréf nr. 21/2024

Til: Leyfisskyldra rekstraraðila sérhæfðra sjóða og
Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu

Efni: Viðmiðunarreglur ESMA um trausta starfskjarastefnu rekstraraðila sérhæfðra sjóða (AIFMD).

Seðlabanki Íslands hefur tekið upp viðmiðunarreglur um trausta starfskjarastefnu á grundvelli tilskipunar 2011/61/ESB (AIFMD¹) (Guidelines on sound remuneration policies under the AIFMD; [ESMA/2013/232](#)), sbr. einnig viðmiðunarreglur [ESMA/2016/579](#) sem breyta 33. lið fyrrgreindu viðmiðunarreglnanna (hér eftir einnig vísað til saman sem *viðmiðunarreglnanna*), sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) gaf út. Viðmiðunarreglurnar beinast bæði að eftirlitsfyrirvöldum og leyfisskyldum rekstraraðilum sérhæfðra sjóða. Viðmiðunarreglurnar gilda ekki um rekstraraðila sem reka einn eða fleiri sérhæfða sjóði ef einu fjárfestarnir eru rekstraraðilinn sjálfur, dótturfélag hans, móðurfélag eða dótturfélag móðurfélags hans og ef enginn fjárfestanna er sérhæfður sjóður sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 45/2020.² Þá gilda viðmiðunarreglurnar ekki um skráða rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem hafa fengið skráningu á grundvelli 7. gr. laga nr. 45/2020.

Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að stuðla að samræmdri túlkun og eftirlitsaðgerðum varðandi reglur um starfskjarastefnur og starfskjör rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Fjallað er um starfskjör og starfskjarastefnu rekstraraðila í 13. gr. og viðauka II við AIFMD. Þau ákvæði voru leidd í íslenskan rétt með 21. gr. og 21. gr. a-c laga nr. 45/2020, sbr. 177. gr. breytingalaga nr. 38/2022. Einnig er fjallað um útfærslu ársreikninga hvað varðar starfskjarastefnu í e- og f-lið 2. mgr. 22. gr. AIFMD, en það ákvæði AIFMD var leitt í íslenskan rétt með 8. mgr. 45. gr. laga nr. 45/2020. Viðmiðunarreglunum er ætlað að tryggja samræmda beitingu fyrirmæla um starfskjör og starfskjarastefnur sem koma fram í 13. gr., e- og f-liðum 2. mgr. 22. gr. og viðauka II við AIFMD.

Viðmiðunarreglurnar hafa að geyma ákvæði sem útfæra nánar kröfur til starfskjarastefna, setningu þeirra og endurskoðunar, og stjórnskipulags í kringum starfskjör almennt. Einnig eru settar fram kröfur til starfskjaranefnda, bæði hvað varðar hlutverk og samsetningu.

Fjallað er með nokkuð ítarlegum hætti um kaupauka, hvenær heimilt er að greiða kaupauka og með hvaða hætti, sem og árangursmælikvarða sem skulu liggja til grundvallar kaupauka. Einnig er fjallað um frestun og endurkröfu kaupauka. Þá er fjallað um eftirlit fjármálafyrirtækja með starfskjarastefnum og starfskjörum auk ákvæða um gagnsæi og birtingu upplýsinga um starfskjör.

Viðmiðunarreglurnar varða starfskjarastefnur og starfskjarafremkvæmd rekstrarfélaga í heild sinni. Hluti viðmiðunarreglnanna varðar þó einungis þá starfsmenn rekstrarfélaga sérhæfðra sjóða sem falla í flokk tilgreindra starfsmanna (*e. identified staff*), þ.e.

¹ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

² Um slíka sjóði gilda hins vegar tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/384/EB frá 30. apríl 2009 um starfskjarastefnu á sviði fjármálaþjónustu (gerðin hefur ekki verið innleidd í íslenskan rétt en hefur tekið gildi innan EES).

stjórnendur og starfsmenn sem sinna verkefnum sem hafa efnisleg áhrif á áhættusnið rekstraraðila. Í viðauka II við viðmiðunarreglurnar er gerð nánari grein fyrir því hvaða hluti reglnanna á við um starfsemi rekstrarfélaga í heild sinni og hvaða hluti á aðeins við um starfsmenn sem falla í framangreindan flokk.

Þrátt fyrir að rekstaraðilum sérhæfðra sjóða beri framvegis að taka mið af ákvæðum viðmiðunarreglnanna í störfum sínum vill Seðlabankinn áréttta að ekki er fullt samræmi milli allra töluliða viðmiðunarreglnanna og ákvæða 21. gr. og 21. gr. a-c laga nr. 45/2020 og verða rekstraraðilar að taka tillit til þess þegar þeir tileinka sér efni viðmiðunarreglnanna, sbr. eftirfarandi:

- Eins og áður segir, tekur hluti viðmiðunarreglnanna einungis til tiltekins flokks starfsfólks rekstraraðilans (e. *indentified staff*), en fyrirmæli 21. gr. og 21. gr. a-c laga nr. 45/2020 tekur til allra starfsmanna rekstraraðila.
- Í lið 45 er kveðið á um að heimilt sé, með ákveðnum takmörkunum, að greiða kaupauka til stjórnenda í „supervisory function“, sem myndi almennt vera félagsstjórn í íslenskum rétti. Aftur á móti er óheimilt að veita stjórnarmönnum kaupauka skv. 3. mgr. 21. gr. a laga nr. 45/2020.
- Í liðum 71 og 72 segir að heimilt sé, með ákveðnum takmörkunum, að greiða kaupauka til starfsmanna eftirlitseininga (e. *control functions*). Samkvæmt áðurnefndri 3. mgr. 21. gr. a laga nr. 45/2020 er með öllu óheimilt að veita kaupauka til starfsmanna sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu.
- Þá tilgreina viðmiðunarreglurnar í dæmaskyni í lið 130 að kaupauki geti numið allt að 200% af föstum starfskjörum starfsmanns. Aftur á móti er óheimilt að greiða kaupauka sem er umfram 25% af föstum starfskjörum starfsmanns, sbr. 4. tl. 1. mgr. 21. gr. a. laga nr. 45/2020.

Viðmiðunarreglurnar eiga við um öll önnur atriði er varðar starfskjarastefnur og greiðslu kaupauka almennt.

Þá er hér einnig rétt að vekja athygli á að ESMA hefur gefið út viðmiðunarreglur sem fjalla um tiltekin atriði varðandi kröfur til starfskjara á mörkuðum fyrir fjármálagerninga (Guidelines On certain aspects of the MIFID II remuneration requirements; [ESMA35-43-3565](#)). Seðlabankinn hefur tekið upp þessar viðmiðunarreglur og sent til viðkomandi eftirlitsskyldra aðila, sbr. dreifibréf nr. 23/2024. Umræddar viðmiðunarreglur gilda m.a. um rekstaraðila sérhæfðra sjóða sem hafa heimild til að sinna þeim verkefnum sem fram koma í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 45/2020.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnanna og almennum tilmælum.

Fjármálaeftirlitið beinir því til leyfisskyldra rekstraraðila sérhæfðra sjóða að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglurnar í eftirlitsframkvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum sem fjallað er um hér að framan er fullnægt.

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlit

Kristín Logadóttir
forstöðumaður
varúðareftirlit

Fullgild rafræn undirskrift

Kristín Logadóttir

11.07.2024 13:07

Fullgild rafræn undirskrift

Gísli Óttarsson

11.07.2024 14:33